

23. janúar 2012

Að gefnu tilefni vill Stjórnarskrárfélagið ítreka kröfu þjóðarinnar um að frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá verði sett í þjóðaratkvæðagreiðslu*. Forsætisráðherra og formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar hafa báðar lýst yfir ásetningi um að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram samhliða forsetakosningum í sumar. Mikilvægt er að staðið verði við yfirlýsingarnar og að áformin nái fram að ganga.

Stjórnarskrármálið er brýnasta verkefni nefndarinnar og þarf að njóta forgangs í samræmi við það. Farist fyrir að kjósa um frumvarpið samhliða forsetakosningunum, þá væri það enn eitt áfallið fyrir þjóðina á vegi uppjörs og uppbyggingar samfélagsins eftir hrun.


Fyrir hönd stjórnar Stjórnarskrárfélagsins

Ingólfur Hermannsson

*<http://evjan.is/2011/09/20/meirihluti-vill-thjodaratkvaedagreiðslu-vegna-frumvarps-um-nyja-stjornarskra/>

Þriðjudagur - 20.9 2011 - 12:00 - [Ummæli \(18\)](#)

Meirihluti vill að þjóðin greiði atkvæði vegna frumvarps um nýja stjórnarskrá



Þjóðin á að fá að segja sitt í atkvæðagreiðslu um frumvarp til nýrrar stjórnarskrár

Þrír af hverjum fjórum í nýrri könnun vilja að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um frumvarp Stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár. Flestir vilja líka að þjóðaratkvæðagreiðslan verði látin ráða úrslitum.

Framkvæmdi MMR könnun á því hvaða afstöðu fólk hefði til þess hvert hlutverk þjóðaratkvæðagreiðslu ætti að vera við afgreiðslu á frumvarpi Stjórnlagaráðs til stjórnarskrár.

Stór meirihluti, 75,3 prósent, sem afstöðu tók vildu að haldin yrði þjóðaratkvæðagreiðsla um frumvarpið. Af þeim sögðu tæplega helmingur, 47,7 prósent, að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar ætti að ráða úrslitum um afgreiðslu frumvarpsins meðan 27,6 prósent voru á því að þjóðaratkvæðagreiðslan ætti að vera leiðbeinandi fyrir Alþingi.

Aðeins 24,7 prósent þeirra sem tóku afstöðu vildu ekki að haldin yrði þjóðaratkvæðagreiðsla um frumvarpið.